

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 112/1990. **Rósa Helgadóttir**

gegn

Ragnari Guðmundssyni.

Kærumál. Fræstur í lögtaksmáli. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp hinn kærða úrskurð í fógetarétti Reykjavíkur 12. febrúar 1990. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Krafa gerðarþola um frest er ekki tekin til greina.“

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 23. febrúar sl. og vísaði um heimild til 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 12. mars sl. Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að krafa hans um frest til að koma að greinargerð í fógetamálinu D 812/1990 verði tekin til greina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti eftirfarandi athugasemdir samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988:

„Þann 12. febrúar sl. var tekið fyrir af undirritaðri í fógetarétti Reykjavíkur málið D 812/1990: Rósa Helgadóttir gegn Ragnari Guðmundssyni.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda fór fram á að gert yrði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar kröfu sem úrskurðuð var lögtakskræf þann 7. desember 1989. Krafan er til komin vegna vangoldinna meðlagsgreiðslna frá 27. janúar 1989.

Gerðarþoli var mættur við fyrirtöku málsins og fór fram á að sér yrði veittur frestur til að skila greinargerð í málinu þar sem hann hélt því fram að krafan væri greidd. Hann óskaði eftir að leggja fram skjal því til sönnunar, þ.e. bankakvittun, sem sýndi að kr. 50.000 hefðu verið lagðar inn á reikning gerðarbeiðanda árið

1987. Krafa gerðarþola um frest var borin undir umboðsmann gerðarbeiðanda sem synjaði um frestinn og krafðist þess að gerðin næði fram að ganga.

Fulltrúi fógeta kvað upp úrskurð í réttinum þar sem kröfu gerðarþola um frest var hafnað. Í framhaldi af því var gert lögtak í eignum gerðarþola, þ.e. hlutabréfum hans í Ragnar Guðmundsson (sic) hf. Gerðarþoli skilaði ekki hlutabréfunum á skrifstofu undirritaðrar eins og gert var ráð fyrir. Kæra á frestsynjuninni barst síðan embættinu þann 23. febrúar sl.

Gerðarþoli byggir kröfu sína um frest til framlagningar greinargerðar á því að krafan eða hluti hennar sé greiddur. Það var mat fulltrúa fógeta að gerðarþoli hafi haft nægan tíma til að afla þeirra gagna sem hann óskaði eftir að koma fram með í málinu.

Þar sem af hálfu gerðarþola komu ekki fram aðrar varnir var það mat fógetaréttarins að gerðarþoli hefði ekki fært líkur að því að krafan væri greidd. Gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda var umbeðinn frestur til gerðarþola ekki veittur.“

Samkvæmt 238. gr. laga nr. 85/1936 taka ákvæði IX. kafla laganna til málsmeðferðar fyrir fógetarétti, eftir því sem við verður komið. Í 1. tl. j 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sem leystu af hólmi kæruheimildir IX. kafla laga nr. 85/1936, segir, að úrskurðir héraðsdómara um frestveitingu sæti kæru. Af því verður gagnálykt að, að úrskurðir um frestsynjun sæti ekki kæru, og er þessi skilningur staðfestur með fordæmum. Ber að beita þessari reglu um lögtaksmál, þar sem um sérstaka reglu er að ræða. Gildir hún framar 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en þar segir, að úrskurðir fógetaréttar sæti kæru, ef þeim skal ekki áfrýja eftir þessum tölulið, en um það er ekki að ræða í þessu máli.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, skortir kæruheimild í máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.